

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 353/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Ásberg Þorsteinssyni

(Atli Gíslason hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarinn Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. apríl 1994 til þyngingar á refsíákvörðun hins áfrýjaða dóms, „þ. á m. á grundvelli skilorðsrofa á dómi héraðsdóms Vestfjarða frá 28. 9. 1993“.

Fallist er á sakarmat hins áfrýjaða dóms með skírskotun til forsendna hans.

Frá árinu 1975 hefur ákærði 14 sinnum gengist undir dómsátt, þar af fjórum sinnum fyrir hegningarlagabrot og þrisvar fyrir ölvun við akstur, síðast 16. október 1993. Á árunum 1985 og 1986 hlaut hann fjóra refsídóma fyrir þjófnað, þjófnaðartilraun, skjalafals og fjársvik. Með þeim dómum var hann dæmdur til fangelsisrefsingar, og var hún í öll skiptin skilorðsbundin. Þá var hann dæmdur með dómi sakadóms Reykjavíkur 25. október 1991 í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir þjófnað, skjalafals og fjársvik. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands 28. september 1993 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir þjófnað og líkamsárás með vísan til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærða voru framin fyrir uppsögu dómsins frá 25. október 1991. Brot ákærða, sem hér er til umfjöllunar, var framið 22. nóvember sl. Í hinum áfrýjaða dómi er dómurinn frá 25. október 1991 tekinn upp og dæmdur með. Er ljóst, að héraðsdómara hefur ekki verið kunnugt um dóminn frá 28. september 1993.

Ákærði hefur nú rofið skilorð síðargreinds dóms. Ber með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka það mál einnig til meðferðar og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir öll brotin. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 22. mars 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 22. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Þjóðbraut 13, Akranesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-1/1994: Ákærvaldið gegn Ásberg Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. desember 1993, á hendur Ásberg Þorsteinssyni, Stekkjarholti 18, Akranesi, fæddum 23. nóvember 1957, fæðingarnúmer 662. Dómari fékk málið til meðferðar 4. janúar 1994 og gaf út fyrircall í því 7. janúar sl. Birting þess fyrirkalls tókst ekki, og gaf dómari út annað fyrircall 31. janúar sl., og var málið þingfest 24. febrúar sl.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudags 22. nóvember 1993 brotist inn í verslun Trésmiðjunnar Akurs hf. að Smiðjuvöllum 9 á Akranesi og stolið þaðan þremur borvélum og topplykasetti, alls að verðmæti 61.219 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði, Ásberg Þorsteinsson, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa brotist inn í verslun Trésmiðjunnar Akurs hf. að Smiðjuvöllum 9, Akranesi, aðfaranótt 22. nóvember 1993. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði brotið rúðu í útidyrhurð og farið inn í verslunina og tekið þar þrjár borvélar og topplykasett. Topplykasettið hafi hann geymt heima hjá sér, uns lögregla handtók ákærða vegna málsins, en farið með

borvélarnar í hús við Vesturgötu, þar sem þær hafi verið, er lögregla handtók ákærða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hefur með háttsemi sinni gerst sekur um þjófnað samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á árunum 1975 til 1983 gengist undir 21 sátt fyrir brot gegn áfengislögum, umferðarlögum og almennum hegningarlögum. Í október 1993 gekkst ákærði og undir sátt fyrir brot á umferðarlögum og fyrir eignaspjöll. Þá hefur ákærði hlotið 5 refsíðoma á árunum 1985 til 1991. Árið 1985 hlaut ákærði 3 refsíðoma, í febrúar hlaut hann 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi í 2 ár fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik, í mars 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi í 2 ár fyrir skjalafals, og í september 1985 hlaut ákærði 7 mánaða fangelsi, þar af 4 mánuði skilorðsbundna í 3 ár, fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar. Í nóvember 1986 hlaut ákærði 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir tilraun til þjófnaðar. Loks hlaut ákærði 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, 25. október 1991 fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot það, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, er framið eftir uppsögu skilorðsdóms frá 25. október 1991 og því rof á honum. Ber því að taka þann dóm upp samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og ákvarða ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir það brot, sem nú er ákært fyrir, og þau brot, sem ákærði hlaut skilorðsdóm fyrir. Með vísan til sakaferils ákærða og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ásberg Þorsteinsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.